

## Handrit af Þrymskviðu fyrir miðstig

Einu sinni, einn sólbjartan morgun í Ásgarði vaknaði Þór þrumuguð og sá sér til mikillar reiði að hamarinn hans, Mjöltnir, var horfinn.

Hann hrísti á sér hárið og skeggið og öskraði á Loka: „Heyrðu Loki, einhver hefur stolið hamrinum mínum!“ Loki og Þór fóru til Freyju því hún átti fjaðurham sem þeir gátu klætt sig í til að fljúga og leita að hamrinum. Freyja lánaði þeim fjaðurhaminn og Loki flaug til Jötunheima þar sem tröllin búa því þar var líklegast að hamarinn væri. Þegar hann kom til Jötunheima mætti hann Þrymi þursakonungi sem sat þar á hól. Þrymur varð hissa á að sjá Loka og spurði hvað hann væri eiginlega að gera í sínu landi. „Ég er að leita að hamri sem Þór á svaraði Loki.“ „Veist þú nokkuð hvar hann er?“

„Jahá, ég stal honum og gróf hann djúpt niður í jörðina, þar sem þið finnið hann aldrei!“, sagði Þrymur og hló tröllslega. „Þið fáðið hann ekki aftur nema Freyja komi til Jötunheima og giftist mér.“ Loki flaug aftur heim og sagði Þór tíðindin. Þeir fóru þá aftur í heimsókn til Freyju. Þegar þeir hittu hana sagði Loki: „Þrymur þurs er með Mjölni og hann vill ekki láta okkur hafa hann nema þú giftist honum, drífðu þig nú í brúðarkjólinn og komdu með mér í Jötunheima.“

Þá varð Freyja svo reið að allur Ásgarður nötraði, hún vildi sko alls ekki giftast neinum stórum og ljótum jötni.

Hvað var nú til ráða? Ákveðið var að allir æsir og ásynjur hittust til að reyna að finna lausn á vandanum. Þegar þau höfðu hugsað vel og lengi datt ásnum Heimdalli snjallræði í hug: „



Við klæðum bara Þór í brúðarkjól og setjum á hann hálsmenið hennar Freyju. Þrymur sér sko engan mun!“ Þór var nú ekki ánægður með þetta en lét þó til leiðast þar sem þetta var eina ráðið til að endurheimta hamarinn. Svo hann klæddi sig upp í kjól og Loki dulbjó sig sem ambátt. Þannig héldu þeir til Jötunheima. Í Jötunheimum var Þrymur ofsakátur að undirbúa heljarmikla veislu. Hann varð ennþá kátari þegar þeir Þór og Loki birtust í dulargervunum. Um kvöldið var haldin veisla og þar sem Þór er mjög stór og mikill drakk hann þrjár tunnur af öli, át átta laxa og eitt naut. Þetta þótti Þrymi skrítið og spurði: „Hvernig fer hún Freyja eiginlega að því að borða svona mikið?“ Loki flýtti sér að segja:

„Hún Freyja er ekki búin að borða neitt í átta daga því hún hlakkaði svo til að giftast þér.“ Nú langaði Þrym að kyssa Freyju og beygði sig niður en þegar hann leit í augu hennar brá honum svo að hann hrökk aftur á bak yfir endilangan salinn. En Loki flýtti sér að útskýra málið: „Hún Freyja er ekki búin að sofa í átta sólarhringa því hún hlakkaði svo til að hitta þig.“ Þrymur trúði þessu og bað um að þau Freyja yrðu nú gift í snatri. Bað hann um að hamarinn Mjöllnir yrði lagður í kjöltu hennar og var það gert. Þór var nú ekki seinn á sér að grípa Mjöllni. Hann lamdi Þrym í klessu og barði svo alla ætt hans líka. Síðan hélt hann kátur heim í Ásgarð með hamarinn Mjöllni og lýkur hér með þessari sögu.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008